

Reykjalundur endurhæfing ehf.

1. Fundur stjórnar 9. júní 2020 kl. 12.00- 13.30 í Grímansfelli, Reykjalundi 1. hæð

Fundarmenn eru; Anna Stefánsdóttir stjórnarformaður, Gunnar Ármannsson stjórnarmaður, Haraldur Sverrisson stjórnarmaður, Arna Harðardóttir varamaður í stjórn og Pétur Magnússon forstjóri. Fundarritari er Helgi Kristjónsson.

Dagskrá.

1. Samþykktir Reykjalundur endurhæfing ehf .

Anna Stefánsdóttir kynnir samþykktir Reykjalundar endurhæfingar ehf. sem samþykktar voru á hluthafafundi félagsins þann 15. maí 2020.

2. Næstu verkefni.

Stjórn felur stjórnarformanni og forstjóra að hitta trúnaðarmenn starfsmanna og skipuleggja flutning starfseminnar í nýtt félag í samræmi við [lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum](#).

3. Stjórnskipulag Reykjalundar.

Anna Stefánsdóttir kynnir nýtt skipurit fyrir Reykjalund.

4. Þjónustusamningur við SÍ.

Anna Stefánsdóttir kynnir þjónustusamning milli Sjúkratrygginga Íslands kt. 650309-0220 og Reykjalundar, endurhæfingarmiðstöðvar SÍBS kt. 680172-0139 um þverfaglega endurhæfingu á Reykjalundi fyrir sjúkratryggða einstaklinga skv. lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og slysatryggða einstaklinga skv. lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga, sem tók gildi þann 1. apríl 2020.

5. Ársreikningur 2019.

Anna Stefánsdóttir kynnir niðurstöðu ársreiknings 2019.

6. Laun stjórnar.

Samþykkt var tillaga formanns stjórnar um 40.000 kr. greiðslu fyrir hvern fund til stjórnarmanna og varamanns í stjórn og 80.000 kr. greiðslu fyrir hvern fund til stjórnarformanns. Haraldur Sverrisson afþakkar laun fyrir stjórnarsetu.

7. Prófkúra forstjóra.

Stjórn staðfesti prókúru forstjóra.